

Deildin Tröllagil ber nafn sitt af kletti í líki tröllkarls sem trónir fyrir utan gluggann hjá okkur og af gjá sem liggur þar hjá. Að sögn þekkrar konu, sem sér betur en flestir aðrir, búa margir í námunda við okkur hér á Tröllagili, t.d. er kletturinn okkar fræðasetur þar sem álfar, dvergar og huldufólk sækir menntun sína. Híbyli huldufólksins er fyrir utan gluggana hjá okkur en álfarnir og dvergarnir búa ofar í garðinum.

Út um gluggana á deildinni sjáum við þann hluta leikskólalóðarinnar sem snýr í austur. Við sjáum rennibrautina, sandinn og alla trjádrumbana sem eru dreifðir vítt og breitt um lóðina og gegna mörgum hlutverkum í leik barnanna.

Á stéttinni fyrir framan er vatnstunna okkar, Kaldalind, sem sér okkur fyrir regnvatni í drullumallið, og það er nú ekki amalegt að deila þessu dýrindis drullusvæði með álfum og huldufólki.

Ekki má gleyma leiksvæðinu þar sem hægt er að halda leiksýningar ef vel viðrar og bjóða áhorfendum sæti á skemmtilegum útileikhúsbekk.

Efst á lóðinni sjáum við svo Grænfánann sem blaktir við hún alla daga og minnir okkur á það hvað við erum umhverfisvæn og dugleg að flokka sorpið. Okkur finnst mjög gaman að fara út með Svanga Manga sem hefur að geyma alla matarafgangana sem kemur frá okkur á Tröllagili og í hvert skipti sem við tæmum hann fáum við tækifæri til að fylgjast með rotnuninni í safnkössunum sem ilma nú misjafnlega vel.

Svo viljum við endilega vita hvað verður um allt það sem mannfólkið hendir, hvort einhvers staðar séu að hlaðast upp heilu fjallgarðarnir af fernum, dósum, gleri og pappír. Við erum dugleg að fara með fernur í til þess gerða gáma og safna plastflöskum og dósum fyrir fátæk börn í heiminum.

Hóparnir á Tröllagili draga nafn sitt af tröllum sem tengja þá við heiti deildarinnar en þeir eru: Bullutröll, Nátttröll, Lukkuatröll og Smáatröll.

Þegar við tröllin erum inni erum við einnig að dunda okkur við eitthvað skemmtilegt. Við reynum að halda róseminni og lokum gjarnan á milli herbergja til að trufla ekki starfseminna, sem getur verið margvísleg.

Sumir eru að kubba, leika í búðar-, bú- eða læknisleik, byggja úr skógarkubbum, í bílaleik eða púsla, aðrir eru niðursokknir í tölvuna, að hlusta á sögu, teikna, klippa, líma eða leira, en það er afar vinsælt því að úr leirnum getum við mótað stór og stæðileg tröll!

Við viljum að mömmur og pabbar finni að þau eru velkomin á deildina okkar og gefi sér stundum tíma til að staldra við og fylgjast með lífinu í leikskólanum. Þau eru alltaf velkomin að gera það.

Svona er lífið á Tröllagili!